



Borgarráð

***Álagningarhlutfall útsvars tekjuárið 2016***

Lagt er til að álagningarhlutfall útsvars tekjuárið 2016 verði 14,52%.

**Greinargerð:**

Tillagan byggir á 23. og 24. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga með síðari breytingum. Áætlað er að Reykvíkingar greiði 66,1 milljarða í útsvar á árinu 2016 og að 8 milljarðar af útsvarsgreiðslum fari í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, þar af fara um 3,5 milljarðar til útgjaldajöfnunar annarra sveitarfélaga. Tillagan felur í sér óbreytt álagningarhlutfall frá tekjuárinu 2015 en það var hækkað tímabundið um 0,04% vegna tekjuársins 2014 í tengslum við aukin framlög í Jöfnunarsjóð vegna fjármögnunar á málefnum fatlaðs fólks. Þetta mun væntanlega koma síðar til endurskoðunar í tengslum við endurskoðun á fjármögnun málaflokks fatlaðs fólks.

Dagur B. Eggertsson